



Rauði kross Íslands

Ársskýrsla 2004

Изградимо боље друштво

Daha iyi bir toplum yaratalım Izgradimo bolje društvo

لبنی معاً مجتمعا أفضل Costruiamo una società migliore

Gemeinsam für eine bessere Gesellschaft

Låt oss forma ett bättre samhälle 建设更美好的社会

Сделаем общество лучше Let's build a better society

Construa uma sociedade melhor רתוי הבוט הרבח הנבנ

Zbudujmy lepsze społeczeństwo Gera eitt betri samfelag

Építünk jobb társadalmat Construya una sociedad mejor

Да изградим едно по-добро общество

Bouwen een betere gemeenschap

Édifions une société meilleure **Byggjum betra samfélag**

የተሻለ ግብረተሰብ እንመሠርታለን Veidosim labāku sabiedrību

Cùng nhau xây dựng một xã hội lành mạnh hơn

Ndërtojmë një shoqëri më të mirë جامعة بهتری بسازيم

Magtukod kita og maarang-arang nga kapunongan

Tehdään yhdessä parempi maailma

สร้างกลุ่มชุมชนให้ดีขึ้น Budujeme lepszý spolecnost

Skab et bedre samfund Sukurkim geresnẹ visuomenẹ

Magtayo tayo ng lalong mabuting samahan

Inuiaqatigiit pitsaanerusut pilersitsigik

2

MANNÚÐ Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem sárst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, kynþætti, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, kynþátta, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.





Alþjóðleg mannúðarhreyfing

3

Rauði kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924 og viðurkenndi ríkisstjórn Íslands hann 9. mars 1925 sem eina Rauða kross félagið sem starfa má í landinu og eina aðilann sem nota má rauða krossinn sem merki sitt. **Deildir Rauða kross Íslands eru 51 og félagsmenn um 19.000, auk þúsunda styrktarféлага Hjálparsjóðs. Sjálfboðaliðar félagsins eru um 1.300.** Félagið nýtur viðurkenningar Alþjóðaráðs Rauða krossins (International Committee of the Red Cross) og er aðili að Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Landsfélögin eru 181 með um 97 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða. **Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.**

Efnisyfirlit

„Byggjum betra samfélag“	Inngangur formanns og framkæmdastjóra	5
Forysta í sjálfboðnu starfi	Stjórn og nefndir 2004	6
Úr rekstrinum	Skipting tekna og útgjalda	7
Kastljósi beint að illri meðferð stríðsfanga	Mannúðarlög	9
Ýmsar fréttir úr starfinu	Háskólanemar stunda sjálfboðin störf	10
	Námsefni Rauða krossins víða notað	10
	Konukot	10
	Starf með ungum innflytjendum	10
	Með eftirsjá og stolti	10
	Páll Pétursson sæmdur gullmerki	11
	Gengið til hjálpar börnum	11
	Ungmennahúsum fjölgar	11
	Skyndihjálparmaður ársins	11
Skjót viðbrögð við gifurlegum náttúruhamförum	Hamfarafloð í Asíu	12
Sendifulltrúar Rauða kross Íslands	Alþjóðastarf	13
„Reynsla sem við munum aldrei gleyma“	Alþjóðlegar sumarþúðir á Íslandi	15
„Stundum liður manni illa ...“	Hjálparsími Rauða kross Íslands – 1717	17
„Ef þessar konur fara ekki til himna ...“	Laut, athvarf fyrir geðfatlaða	19
Dagurinn sem heimurinn hrundi	Jarðskjálftinn í Bam í Írak	21
Ársskýrslan á Netinu	www.redcross.is/2004	22
Tombólukrakkar hjálpa börnum í útlöndum	Hugsjónastarf í æsku	23



Doha iyi bir toplum yaratalim Izgradimo bolje društvo
 لبنى معا مجتمعا أفضل Costruiamo una società migliore
 Gemeinsam für eine bessere Gesellschaft
 Låt oss forma ett bättre samhälle 建设更美好的社会
 Сделаем общество лучше Let's build a better society
 Construa uma sociedade melhor דוני הבוס הרבה הנבנ
 Zbudujmy lepsze społeczeństwo Gera eitt betri samfelag
 Építünk jobb társadalmat Construya una sociedad mejor
 Да изградим по-добро общество



Lyngium bet...
 Veidurim...
 Budujeme lepsy spolecnost
 yo layo ng...

Byggjum betra samfélag

Meginstarf Rauða kross Íslands á árinu 2004 beindist eins og áður að því að lina þjáningarfólks sem á um sárt að binda, bæði hér heima og erlendis. Öllum eru í fersku minni hörmulegar afleiðingar hinnar öflugu flóðbylgju sem reið yfir 13 lönd í Asíu og Afríku á annan dag jóla. Mannfallið og eyðileggingin var gríðarleg. Samstillt átak Rauða kross hreyfingarinnar til fyrstu hjálpar og uppbyggingar fór þegar í gang.

Á stundum sem þessum kemur svo berlega í ljós styrkur hins alþjóðlega samstarfs og samhæfingar félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans um heim allan. Þá verður jafnframt ljóst hve brýnt er að í hverju landi sé öflugt Rauða kross félag, með gott skipulag, vel þjálfaða sjálfbóðaliða og starfsmenn sem geta brugðist strax við. Rauði kross Íslands leggur megináherslu á að bregðast við skyndilegri neyð af völdum náttúruhamfara, slysa eða annarra válegra atburða, bæði hér heima og erlendis. Deildir Rauða krossins um land allt búa yfir neyðarskipulagi og mannafla sem er tilbúinn þegar á þarf að halda hér heima. Auk þess eru á viðbragðslista félagsins á annað hundrað manns með sérstaka þjálfun og þekkingu sem eru tilbúnir til starfa á erlendri grundu þegar neyðin kallar.

Sú hugmyndafræði sem Rauða kross hreyfingin byggir á er einstök. Hún tengir saman fólk um allan heim og hefur staðist tímans tönn og þjóðfélagsbreytingar hvers konar allt frá árinu 1863. Rauða kross hreyfingin sækir hlutverk sitt til Genfarsamninganna, þeirra mikilvægu mannúðarlaga sem gilda á stríðstímum og veita stríðsföngum og óbreyttum borgurum vernd. Verndin er ótvíræð þegar litið er á ákvæði samninganna en raunin er þó oft önnur eins og dæmi um grimmilega misþyrmingu og pyntingar á stríðsföngum voru í sviðsljósi fjölmiðla um allan heim á þessu ári. Í heimi aukinnar tortryggni, spennu milli þjóða og minnkandi virðingar fyrir mannréttindum var við hæfi og tímabært að gefa samningana út í íslenskri þýðingu. Það var gert á alþjóðadegi Rauða kross hreyfingarinnar þann 8. maí 2004 og var þýðing verksins og útgáfan samstarfsverkefni Rauða kross Íslands og utanríkisráðuneytisins.



Reykjavík í maí 2005

Úlfar Hauksson
Úlfar Hauksson
formaður Rauða kross Íslands



Sigrún Árnadóttir
Sigrún Árnadóttir
frankvæmdastjóri Rauða kross Íslands



Inngangur formanns og frankvæmdastjóra



5

Hátt á fjórða þúsund sjálfbóðaliða lögðu Rauða krossi Íslands lið á árinu 2004, fleiri en nokkru sinni áður í sögu félagsins. Sjálfbóðaliðum sem starfa reglulega undir merkjum Rauða krossins fjölga ár frá ári. Þeir vinna að margvíslegum verkefnum sem öll falla undir leiðarljós og stefnu félagsins. Leiðarljósið er svohljóðandi:

„Rauði kross Íslands bregst við neyð jafnt innanlands sem utan og veitir aðstoð sem gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga.“

Fyrirtæki hafa að sama skapi sýnt í auknum mæli stuðning við mannúðarstarf Rauða kross Íslands. Stuðningur og samband almenninga og fyrirtækja við starf Rauða krossins er dýrmætt. Það tryggir, treystir og eflir starfsgrundvöll félagsins.

Að lokum viljum við þakka sjálfbóðaliðum félagsins og starfsfólki þess fyrir vel unnin störf á liðnu ári sem og almenningi og stjórnmöldum fyrir stuðning þeirra við Rauða kross Íslands á árinu 2004.

Forysta í sjálfboðnu starfi

Stjórn Rauða kross Íslands

Úlfar Hauksson formaður
Kristján Sturluson varaformaður
Ólafur Ólafsson gjaldkeri
Torben Friðriksson ritari
Anna Stefánsdóttir
Hörður Högnason
Karen Erla Erlingsdóttir
Ómar H. Kristmundsson
Pálín Dögg Helgadóttir
Þór Gíslason
Þórdís Magnúsdóttir

Framkvæmdaráð

Úlfar Hauksson
Kristján Sturluson
Torben Friðriksson
Pálín Dögg Helgadóttir varamaður

Fulltrúar í stjórn ÍSK

Árni Gunnarsson
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Sigrún Árnadóttir

Stjórn Sérverkefnasjóðs

Þór Gíslason formaður
Karen Erla Erlingsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Sigrún Árnadóttir

Stjórn Sjúkrahótels

Gunnhildur Sigurðardóttir formaður
Bryndís Konráðsdóttir
Guðmundur Jóhannsson
Lilja Stefánsdóttir
Sigrún Árnadóttir
Sigrún Hjartadóttir

Fulltrúaráð URKÍ

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir formaður
Aðalbjörg Sigurjónsdóttir
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
Ingibjörg Halldórsdóttir
Jóhann Ingason
Jón Þorsteinn Sigurðsson
Steinunn Ósk Brynjarsdóttir
Unnur Hjálmarsdóttir

Skyndihjálparráð

Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Erna Árnadóttir
Guðbjörg Pálsdóttir
Hjalti Már Björnsson
Sigurður Arnar Sigurðsson
Sólborg Olga Bjarnadóttir
Svanhildur Þengilsdóttir/
Hólmfríður Traustadóttir
Sveinbjörn Berentsson

Skoðunarmenn

Ingunn Egilsdóttir
Jóhann Sæmundsson

Endurskoðunarskrifstofa

KPMG - Endurskoðun hf.



Formenn deilda Rauða kross Íslands 31. desember 2004

Austur-Húnavatnssýsludeild

Akranesdeild
Akureyrardeild
Álftanesdeild
Árnesingadeild
Borgarfjarðardeild
Breiðdalsdeild
Búðardalsdeild
Dalvíkurdeild
Djúpavogsdeild
Dýrafjarðardeild
Eskifjarðardeild
Fáskrúðsfjarðardeild
Garðabæjardeild
Grindavíkurdeild
Grundarfjarðardeild
Hafnarfjarðardeild
Héraðs- og Borgarfjarðardeild
Hornafjarðardeild
Húsavíkurdeild
Hvammstangadeild
Hveragerðisdeild
Ísafjarðardeild
Kjósarsýsludeild
Klaustursdeild
Kópavogsdeild
Norðfjarðardeild
Ólafsfjarðardeild
Rangárvallasýsludeild
Raufarhafnardeild
Reykjarfjarðardeild
Reykjavíkurdeild
Seyðisfjarðardeild
Siglufjarðardeild
Skagafjarðardeild
Skagastrandardeild
Snæfellsbæjardeild
Strandasýsludeild
Stykkishólmsdeild
Stöðvarfjarðardeild
Suðurnesjudeild
Súðavíkurdeild
Súgandafjarðardeild
Vestur-Barðastrandarsýsludeild
Vestmannaeyjudeild
Víkurdeild
Vopnafjarðardeild
Þórshafnardeild
Öndurfjarðardeild
Öxarfjarðardeild

Þórmundur Skúlason

Lárus Guðjónsson
Sigurður Ólafsson
Sigrún Jóhannsdóttir
Marianne Brandsson-Nielsen
Sigríður Elín Hreinsdóttir
Geir Geirsson
Unnur Björgvinsdóttir
Óskar Ingi Ingason
Magnús G. Gunnarsson
Ragnar Eiðsson
Bergur Torfason
Árni Helgason
Halldór Snjólaugsson
Valdimar Valdimarsson
Guðfinna Bogadóttir
Bryndís Theódórsdóttir
Helgi Ívarsson
Málfríður Björnsdóttir
Ásgerður Gylfadóttir
Elsa Skúladóttir
Sigríður Hjaltadóttir
Eyvindur Bjarnason
Hörður Högnason
Kristján Sturluson
Elín Anna Valdimarsdóttir
Garðar Guðjónsson
Gunnar Ásg. Karlsson
Róslaug Gunnlaugsdóttir
Einar Erlendsson
Bryndís Kjartansdóttir
Sigurður Ásgeirsson
Ómar H. Kristmundsson
Guðjón Már Jónsson
Skarphéðinn Guðmundsson
Karl Lúðvíksson
Pétur Eggertsson
Ari Bjarnason
Victor Örn Victorsson
Björn Benediktsson
Þóra Björk Nikulásdóttir
Rúnar Helgason
Sigríður Hrönn Elíasdóttir
Helga Guðný Kristjánsdóttir
Guðni J. Ólafsson
Hermann Einarsson
Sigurður Hjálmarsson
Inga Lára Ásgeirsdóttir
Ásta Laufey Þórarinsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Jón Ármann Gíslason



7

Tekjur og útgjöld

Tekjur og framlög ársins 2004 eru talsvert hærri en árið á undan. Stafar það einkum af þeim söluhagnaði sem myndaðist þegar Hótel Lind á Rauðarárstíg 18 var seld. Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum lækkuðu um 3% á árinu og hafa lækkað töluvert að raungildi síðustu ár.

Nokkur hækkun varð á frjálsum framlögum frá fyrra ári og námu þau um 153 m.kr. á árinu 2004. Um 35 m.kr. söfnuðust í landssöfnuninni **Göngum til góðs** síðasta haust til stuðnings stríðshrjáðum börnum. Síðustu daga ársins söfnuðust um 32 m.kr. vegna hamfaranna við Indlandshaf en sú söfnun hélt síðan áfram eftir áramótin.

Útgjöld til alþjóðastarfs hækkuðu umtalsvert á árinu. Munar þar mestu um verkefni vegna stríðshrjáðra barna, alnæmisverkefni í sunnanverðri Afríku og aðstoð vegna hamfaranna við Indlandshaf.


Töluverð lækkan varð á kostnaði vegna flóttamanna og hælisleitenda. Í ársbyrjun 2004 varð sú breyting að Félagsþjónusta Reykjanesbæjar tók við því hlutverki af Rauða krossinum að annast framfærslu hælisleitenda sem hingað leita. Jafnframt kom ekki hópur flóttamanna til landsins á árinu 2004 en hingað komu flóttamenn á árinu 2003.

Á árinu 2004 lækkaði kostnaður innanlandsverkefna vegna þess að athvarf Rauða krossins við Tjarnargötu hætti starfsemi.


Rauði kross Íslands á og rekur 74 sjúkrabíreiðar um land allt. Kostnaður við rekstur þeirra var um 187 m.kr. á árinu 2004. Rauði krossinn hefur á síðustu árum lagt um 50 m.kr. á ári til rekstrarins en aðrar tekjur koma frá ríki og notendum þjónustunnar.

Alls var ráðstafað um 965 m.kr. til verkefna á árinu 2004. Það er um 4 m.kr. lægri fjárhæð en nam tekjum Rauða krossins á árinu að frátöldum söluhagnaði fasteignar.

Skipting útgjalda



Innanlandsstarf



Alþjóðlegt hjálparstarf



Lýkiltölur úr rekstrinum:

	2004	2003	2002	2001	2000
Tekjur og framlög					
Tekjur af söfnunarkössum	502.412	517.309	569.460	559.333	561.339
Gjafir og framlög	153.479	102.715	99.143	73.987	78.912
Samningsbundin verk við stjórnvöld	118.137	131.995	122.348	70.096	52.731
Sjúkraflutningar	85.797	82.751	68.273	50.733	54.573
Söluhagnaður fasteignar	306.874	-	-	-	-
Aðrar tekjur	108.641	147.369	80.329	75.749	62.299
Samtals	1.275.340	982.139	939.553	829.898	809.854
Framlög til nokkurra verkefna					
Alþjóðahjálparstarf	233.018	176.656	177.438	153.984	168.715
Alþjóðasamstarf	39.264	41.724	35.717	46.781	37.776
Flóttamenn og hælisleitendur	12.457	32.018	26.479	30.403	29.391
Framlög til deilda	157.587	165.558	174.484	176.794	165.484
Innanlandsstarf	105.204	132.621	138.294	157.689	153.570
Sjúkraflutningar	187.017	173.144	177.161	143.289	123.149
Sjúkrahótel	66.642	75.678	75.400	-	-
Rauðakrosshúsið og Hjálparsíminn	17.131	34.700	31.486	28.552	23.780
Vin – Athvarf fyrir geðfatlaða	17.919	17.929	18.213	17.441	15.317



8



Breytingar í málefnum hælisleitenda

Reykjanesbær tók við umönnun hælisleitenda í ársbyrjun 2004 og nú leggur Rauði kross Íslands meiri áherslu á réttindagæslu og málsvarahlutverk í málaflokknum en áður var hægt. Rauði krossinn fylgist þannig með að hver einstakur hælisleitandi fái réttláta meðferð umsóknar sinnar, skoðar mál allra hælisleitenda vandlega og reynir að tryggja að enginn sé sendur aftur til heimalands síns ef hans bíða ofsóknir á grundvelli stjórnmála- eða trúarskoðana, kynþáttar, þjóðernis, eða ef styrjaldarástand gerir dvöl í landinu lífshættulega.



Mannúðarlög



Kastljósi beint að illri meðferð stríðsfanga

Árið 2004 verður í hugum margra árið sem myndir af illri meðferð stríðsfanga bárust frá Abu Ghraib fangelsi Bandaríkjahers í Írak. Myndirnar vöktu áleitnar spurningar um meðferð stríðsfanga, varðhald hundruða „ólöglegra vígamanna“ í búrum í herstöð við Guantanamo-flóa og almennar réttarreglur í lýðræðisríkjum, sem sums staðar urðu að lúta í lægra haldi fyrir svokölluðu stríði gegn hryðjuverkum.

Hér á landi varð sá merki viðburður að Genfarsamningarnir voru gefnir út í íslenskri þýðingu einmitt á meðan umræður voru í hámarki vegna myndbirtinganna frá Írak. Utanríkisráðuneytið og Rauði kross Íslands stóðu sameiginlega að útgáfunni og kynntu hana við hátíðlega athöfn að Espihóli í Eyjafirði.

Kynningin fór fram í Eyjafirði til að minna á atburð sem sagt er frá í Víga-Glúms sögu. Þar segir frá því er Halldóra kona Víga-Glúms gengur út á vígvöllinn með gríðkonum sínum og gerir að sárum bæði vina og óvina án þess að fara í manngreinaralit. Sagan minnr óneitanlega á atburðina við Solferino árið 1859 sem teljast fæðingarstund bæði Genfarsamninganna og Rauða krossins.

Halldór Ásgrímsson þáverandi utanríkisráðherra notaði tækifærið við Espihól til að fordæma meðferð stríðsfanga í Írak.

„Heimsbyggðin hefur því miður enn á ný verið óþyrmilega minnt á mikilvægi þess að hafa skýrar reglur um meðferð fanga á stríðstímum,“ sagði hann. „Þau voðaverk sem lýst hefur verið má á engan hátt verja, né þá sem standa fyrir slíku. Það er skylda yfirstjórnar herliðsins í Írak að láta þegar í stað fara fram opinbera rannsókn á þeim alvarlegu ásökunum sem fram hafa komið og hinum seku verður að refsa.“

Genfarsamningarnir voru gefnir út á íslensku af Rauða krossi Íslands og utanríkisráðuneytinu. Kynning á útgáfunni fór fram við Espihól, á söguslóðum úr Víga-Glúms sögu, þar sem sagan segir að Halldóra kona Víga-Glúms hafi hlúð að bæði félögum og andstæðingum manns síns. Hér heldur Úlfar Hauks-son formaður Rauða kross Íslands ræðu við Espihól. Með á myndinni eru Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, og Ágúst Þór Árnason verkefnastjóri í félagsvísinda og lagadeild Háskólans á Akureyri.



Mynd: Þórir Guðmundsson

Neyðarbeiðnum svarað vegna Súdan

Rauði kross Íslands og ríkisstjórn Íslands brugðust við neyðarbeiðnum frá Alþjóða Rauða krossinum vegna neyðarástands sem ríkir í Darfúr í Súdan eftir langvarandi stríðsátök í landinu. Um það bil 800 þúsund manns eru á vengangi í Darfúr-héraði og hafa að minnsta kosti 100 þúsund manns flúið til nágrannalandsins Tsjad í leit að öryggi. Stuðningurinn var í formi fjárframlaga, alls 9 milljónir, og mannafla en alls störfuðu fjórir íslenskir sendifulltrúar í Súdan síðastliðið sumar.

Rauði krossinn tók virkan þátt í almennri umræðu um mannúðarlög hér á landi í kjölfar myndbirtinganna. Einnig vakti mikla athygli þegar skýrslu Alþjóðaráðs Rauða krossins um ástand fangelsa í Írak var lekið í bandarísk dagblöð. Hún sýndi svart á hvítu að Rauði krossinn hafði margsinnis kvartað undan illri meðferð stríðsfanga.

Grundvallarreglur mannúðarlaga voru ekki bara virtar að vettugi við gæslu stríðsfanga. Andstöðuhópar í Írak sýndu algjört miskunnarleysi í baráttu sinni gegn hernáminu og vögu bæði hjálparstarfsmenn og aðra óbreytta borgara af mikilli harðneskju. Afleiðingin fyrir starf Rauða krossins var meðal annars sú að afar fáir sendifulltrúar Alþjóða Rauða krossins gátu starfað í Írak á árinu 2004. Íraskir starfsmenn íraska Rauða hálfmánsans og Alþjóða Rauða krossins lögðu sig í mikla hættu við sitt hjálparstarf á heimavelli en fjarvera sendifulltrúa takmarkaði verulega getu hreyfingarinnar til að veita óbreyttum borgurum þá aðstoð sem þurfti. Einn megintilgangur Genfarsamninganna er einmitt að hlúa að hjálparstarfi á vígvellinum, hjálparstarfi sem unnið er af sjálfstæðum samtökum eins og Rauða krossinum og undir merkjum hlutleysis og óhlutdrægni.





Mynd: Halgrímur Indriðason

Hér eru nemendur Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði að fá fræðslu frá Rauða krossinum en Kristján Þorkelsson sendifulltrúi heimsótti þau í bekkinn og fræddi þau um vatnið.

Námsefni Rauða krossins víða notað

Rúmlega helmingur grunnskólakennara hefur notað fræðsluefni Rauða krossins í kennslu barna og unglinga og rúmlega þriðjungur hefur notað Skólavefinn samkvæmt niðurstöðum könnunar meðal grunnskólakennara á notkun fræðsluefnis Rauða krossins sem félagið lét gera á árinu. Um 92% grunnskólakennara í lífsleikni og samfélagsgreinum svöruðu könnuninni.

Jafnframt telja 81% grunnskólakennara mikla þörf fyrir Pælingar um mannúð og réttlæti, námsefni sem Rauði krossinn hyggst gefa út fyrir unglíngastig grunnskóla. Markmið náms-efnisins er að auka skilning ungs fólks á því hvaða reglum menn þurfa að fylgja til að geta lifað saman í sátt og samlyndi þannig að minnka megi líkur á átökum. Könnunin var unnin í samvinnu við Hugheima sem er rannsóknarfyrirtæki í félagsvísindum en niðurstöður verða meðal annars notaðar við að þróa og skipuleggja skólafræðslu Rauða krossins.

Sífelld fleiri háskólanemar stunda sjálfböðin störf

Nemendum í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands gafst í fyrsta skiptið á árinu 2004 kostur á að fá sjálfböðin störf metin inn í nám sitt við háskólann. Alls tóku 87 nemendur þátt í ýmiss konar verkefnum Reykjavíkurdeildar Rauða krossins sem hefur undanfarin þrjú ár kostað nýja lektorsstöðu við félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands og heldur m.a. utan um námskeið um sjálfböðin störf og stjórnun sjálfböðaliðasamtaka.

Námsmatíð hefur reynt afar vel á því eina ári sem það hefur verið reynt og hefur verið deildinni ómetanleg lyftistöng við að halda úti og þróa ný sjálfböðin verkefni.

Margir háskólanemanna hafa jafnvel haldið áfram sjálfböðnu starfi eftir að samningstímanum lýkur.

Konukot

Vandi heimilislausra á Íslandi hefur farið vaxandi á undanförunum árum og hefur Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands brugðist við aukningunni með stofnun Konukots, athvarfs fyrir heimilislausar konur. Strax eftir að athvarfið var opnað að Eskihlíð 4 í Reykjavík, sannaðist að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Frá því að athvarfið tók til starfa þann fyrsta nóvember 2004 til loka ársins gistu þar 17 einstaklingar í samtals 70 nætur. Búið er við því að næturgistingum haldi áfram að fjölga eftir því sem fleiri heimilislausar konur frétta af athvarfinu.

Í Konukoti er gistiástaða fyrir átta konur auk þess sem boðið er upp á morgunverð og léttan málsverð á kvöldin. Ástaða er til þvotta í athvarfinu og konurnar geta fengið fatnað gefins ef á þarf að halda. Geðraskanir ásamt neyslu áfengis og fíkniefna eru oft rötin að vanda heimilislausra á Íslandi. Gestir Konukots koma þó í athvarfið af ýmsum ástæðum og eru frá tvítugu og upp í fimmtugt. Flestar eða allar þessara kvenna eiga það sameiginlegt að þær eiga ekki í önnur hús að hverfa og hafa oft brennt margar brýr að baki sér. Athvarf Rauða krossins tekur hins vegar við konunum á þeirra eigin forsendum og veitir þeim það skjól sem þær myndu annars hvergi fá.



Mynd: Þórir Guðmundsson

Katla Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, Brynhildur Barðadóttir verkefnisstjóri og Ómar Kristmundsson formaður deildarinnar fyrir utan Konukot.

Starf með ungum innflytjendum

„Við reynum að kenna börnum það sem þau læra ekki í skólanum,“ segir Ásdís María Elfarsdóttir, sjálfböðaliði sem sinnir fræðslu barna af erlendum uppruna sem Kópavogsdeild Rauða krossins hefur umsjón með. Starfið hófst í mars 2004 og er í samvinnu við nýbúadeild Hjallaskóla. Um 15 börn mæta einu sinni í viku eftir skóla í sjálfböðamiðstöð deildarinnar og fá meðal annars aðstoð við heimanámið, málörvun og fræðslu um tómsundastarf í Kópavogi í gegnum kynningarstarf og vettvangsferðir. Markmið verkefnisins er að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi og virka þátttöku í því. Verkefnið er hugsað sem eins konar samfélagsfræðsla sem börnin og sjálfböðaliðar geta haft gagn og gaman af. Um 12 sjálfböðaliðar störfuðu að verkefninu á árinu. Sjálfböðaliðar Reykjavíkurdeildar vinna að svipuðu verkefni með ungum nýbúum, enda er aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi framarlega á forgangslista Rauða krossins.



Mynd: Þórir Guðmundsson

Börn af erlendum uppruna í heimsókn hjá Kópavogsdeild Rauða krossins en sjálfböðaliðar deildarinnar aðstoða börnin við að aðlagast samfélaginu.



Með eftirsjá og stolti

Einn munur á starfi Rauða krossins og flestra annarra mannúðarfélaga er sá að Rauði krossinn vinnur á mjög breiðu sviði samfélagsmála en einbeitir sér ekki endilega að einhverjum einum hópi eða einu málefni. Þess vegna hefur félagið verið ófeimið við að stofna til nýrra verkefna til að mæta nýjum þörfum og að sama skapi verið reiðubúið til að fara út úr verkefnum ef þarfirnar minnka eða aðrir eru farnir að sinna þeim. Með þetta að leiðarljósi lagði Rauði krossinn niður Rauðakrosshúsið, athvarf fyrir börn og ungmenni, þann 1. maí 2004 og í árslok afhenti félagið Landsspítalanum háskólasjúkrahúsi rekstur sjúkrahótelis í Reykjavík. Rauði krossinn hugsar til þessara merku verkefna með eftirsjá, en um leið nokkru stolti.



Birta Þórsdóttir, Thelma Rut Hermannsdóttir, Erna Björk Ólafsdóttir og Áslaug Dóra Einarsdóttir gengu til góðs og söfnuðu 19.763 krónum fyrir börn í stríði ásamt vinkonu sinni Hörn Valdimarsdóttur sem er ekki á myndinni.

Dorrit Moussaieff forsetafrú gekk til góðs í Kringlunni. Hér talar hún við litla stelpu sem vildi endilega setja pening í baukinn.



Göngum til góðs á Sauðárkróki.

11

Páll Pétursson sæmdur gullmerki

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sæmdi Pál Pétursson ædstu viðurkenningu Rauða kross Íslands – heiðursmerki úr gulli – á 80 ára afmæli félagsins þann 10. desember 2004. Sem félagsmálaráðherra ákvað Páll að bjóða árlega, utan eins árs, hópum flóttamanna frá gömlu Júgóslavíu til Íslands, alls 218 manns.

Í rökstuðningi fyrir veitingunni segir að auk þess að hafa staðið fyrir komu flóttamanna til Íslands hafi Páll á ráðherraferli sínum beitt sér fyrir stofnun Fjölsmiðjunnar, sem er verkþjálfunarsetur fyrir ungt fólk, og látið málefni geðfatlaðra til sín taka. Verkefni til stuðnings geðfötludum hafa verið forgangsverkefni Rauða krossins á síðustu árum.

„Páll tók mjög jákvætt á málefnum flóttamanna, með sínum persónulega hætti, og lét sig varða hag þeirra eftir að þeir komu til landsins,“ sagði forsetinn þegar hann afhenti Páli viðurkenninguna. Gullmerki Rauða krossins var síðast veitt árið 1999.



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir Páli Péturssyni gullmerki Rauða kross Íslands á 80 ára afmæli félagsins.

Gengið til hjálpar börnum

Vel á þriðja þúsund sjálfboðaliða gekk til góðs 2. október til hjálpar stríðshrjáðum börnum. Árangurinn var frábær því um 35 milljónir króna söfnuðust til verkefna Rauða krossins fyrir börn sem hafa orðið fyrir barðinu á styrjaldrátökum. Meðal þeirra sem gáfu fé var kona sem vildi ekki láta nafns síns getið. Hún skrifaði ávísun upp á fimm milljónir króna. Líklegt er að velflestir Íslendingar hafi tekið þátt í söfnuninni, sumir með því að safna og enn fleiri með því að gefa. Meðal þeirra voru forsetahjónin, Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff sem söfnuðu í Rauða kross bauk í Smáralind.

Ungmennahúsum fjölgar

„Hér er hægt að hitta og skemmta sér með mörgum krökkum sem annars væri ekki hægt,“ segir gestur ungmennahússins á Egilsstöðum sem Rauði krossinn tók þátt í að stofna á árinu 2004 í samstarfi við Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða kross Íslands og Austur-Hérað. Með opnun Hússins á Egilsstöðum hefur langþráður draumur á svæðinu orðið að veruleika um að skapa vímulasan vettvang fyrir ungt fólk til að koma saman, spjalla um lífið og tilveruna, halda sýningar, tónleika, námskeið og koma á ýmsum spennandi verkefnum.

Í Vík í Mýrdal var félagsmiðstöðin OZ opnuð á árinu en hún er fyrir ungt fólk frá 10 ára aldri. Félagsmiðstöðin er samstarfsverkefni Mýrdalshrepps og Víkurdeildar Rauða kross Íslands og mun Víkurdeild Rauða krossins koma að rekstrinum árin 2004–2006. Eitt af markmiðum OZ er að stuðla að unglíngalýðræði og auka félagsfærni ungs fólks. Í OZ verður að staða fyrir ungt fólk til að vinna að hugðarefnum sínum, hvort heldur það er í félagsstarfi, listum eða leik.

Rauði krossinn hefur tekið þátt í að stofna ungmennahús á Ísafirði, Akranesi, Sauðárkróki, Húsvík og Egilsstöðum. Rekstur tveggja húsa sem Rauði krossinn kom að er nú í höndum sveitarfélaga, en það er á Ísafirði og á Akranesi.

Skyndihjálparmaður ársins



Atli Reynir stóð keikur milli Kolfinnu og Sigrúnar sem björguðu honum svo frækilega.

Tvær tíu ára stúlkur úr Garðinum hlutu viðurkenningu Rauða kross Íslands sem skyndihjálparmaður ársins 2003 fyrir að bjarga lífi lítills drengs. Stúlkurnar, Kolfinna Jóna Baldursdóttir og Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, fengu viðurkenninguna fyrir frækilega frammistöðu og að sýna mikla hetjulund þegar Atli Reynir, 6 ára bróðir Kolfinnu, skarst illa á upphandlegg svo að slagæð fór í sundur. Stúlkurnar voru ákveðnar í að koma drengnum til aðstoðar og hringdu í Neyðarlínuna 112, létu drenginn setjast niður, vöfðu handklæði um handlegg hans og þrýstu að sárinu þar til hjálp barst.

Anton Gylfi Pálsson var svo valinn skyndihjálparmaður ársins 2004 en tólf ára gamalt skyndihjálparnámskeið Antons Gylfa rifjaðist upp fyrir honum á svipstundu þegar hann sýndi snarræði og tók þátt í að bjarga mannlífi með því að hnoða og blása lífi í Ásgeir Sigurðsson sem fengið hafði hjartastopp eftir að hafa verið áhorfandi á handboltaleik. Anton var ekki einn síns liðs og lögðu fleiri sitt af mörkum.



Ásgeir Sigurðsson til vinstri og skyndihjálparmaður ársins 2004, Anton Gylfi Pálsson.





Reuters/Alertnet



Reuters/Alertnet

Skjót viðbrögð við gífurlegum náttúruhamförum

„Sjálfbóaliðar okkar voru farnir að bjarga fólki tíu mínútum eftir að bylgjan skall á okkur,” sagði K.H. Premathilaka, formaður Rauða kross deildarinnar í Hambantota á Srí Lanka, í samtali við Þóri Guðmundsson frá Rauða krossi Íslands skömmu eftir hamfarirnar. „Þeir björguðu 96 mönnum upp úr lóninu sem myndaðist eftir flóðbylgjunu,” bætti hann við. Um fjögur þúsund sjálfbóaliðar Rauða krossins unnu að hjálparstörfum á Srí Lanka dagana eftir flóðið mikla og svipaða sögu má segja af öðrum löndum sem urðu fyrir bylgjunni.

Í Indónesíu varð algjör eyðilegging á stórum svæðum meðfram vesturströnd Súmötru, skammt frá upptökum jarðskjálftans, sem mældist 9,3 stig á Richter. Þar höfðu heilu bæirnir hrundið í skjálftanum. Síðan skall 24 metra há flóðbylgja á ströndinni með 50 kílómetra hraða á klukkustund. Varla er hægt að ímynda sér skemmdirnar og mannskaðann. Þeir sem fóru um svæðið dagana á eftir eiga erfitt með að lýsa því sem fyrir augu bar, svo hrikaleg var aðkoman.

Skjót viðbrögð sjálfbóaliða Rauða krossins um gjörvallt hamfarasvæðið þann 26. desember 2004 vöktu heimsathygli. Hugmyndafræði Rauða kross hreyfingarinnar – sem byggir á þjálfuðu liði heimamanna með alþjóðlegt viðbragðsnet að bakhjarli – sannaði gildi sitt svo um munaði.

Nokkrum klukkustundum eftir að sjálfbóaliðarnir í Hambantota voru kallaðir út var Alþjóða Rauði krossinn farinn að skipuleggja alþjóðlega neyðaradstoð. Þó að raunverulegt umfang hamfaranna yrði ekki ljóst fyrr en nokkrum dögum síðar, þá var kerfið virkjað með hraði. Matsteymi voru send á staðina, birgðaflutningavélar leigðar og neyðarsveitir kvaddar til starfa.

Heimamaður í Banda Aceh horfir á bát sem lenti uppi á húsi í flóðbylgjunni í Indónesíu.



Reuters/Supri

Malaví

Rauði kross Íslands styður alnæmisverkefni í Chiradzulu í Malaví og í undirbúningi er nýtt alnæmisverkefni í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ). Rauði kross Íslands veitir einnig aðstoð við munaðarlaus börn í Malaví og fjárframlög til að kaupa mat og útsæði. Félagið sendir einnig notuð föt, ritföng, tölvur og barnavörur.

Suður-Afríka

Rauði kross Íslands hefur stutt verkefni til stuðnings fórnarlömbum alnæmis í Kimberley, og einnig hafa deildir Rauða kross Íslands á Austurlandi verið í vinadeildasamstarfi við deildir í Western Cape.

Mósambík

Rauði kross Íslands á samvinnu við ÞSSÍ um rekstur heilsugæsluverkefnis í Hindane í Mósambík. Félagið styður einnig verkefni til styrktar alnæmissjúkum á sama stað. Í Mapútó styrkja vinadeildir Rauða kross Íslands á Norðurlandi verkefni til stuðnings götubörnum, sem flest eru munaðarlaus af völdum alnæmisfaraldursins. Rauði kross Íslands á einnig samstarf við spænska Rauða krossinn um öflun drykkjarvatns í Mósambík.

Sendifulltrúar Rauða kross Íslands



Árni Gunnarsson fyrrverandi sendifulltrúi Rauða kross Íslands í Búdapest sat árið 2004 í stýrihóp sem vinnur að endurskipulagi fjármála meðal landsfélaga í Evrópu. Árni veitti pólska Rauða krossinum fjármálaráðgjöf.



Hlér Guðjónsson guðfræðingur starfaði sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands við skýrslugerð í höfuðstöðvum palestínska Rauða hálfmánans í Ramallah í Palestínu m.a. vegna verkefna við sálfélaglega aðstoð. Hlér starfaði einnig við samhæfingu aðgerða og skýrslugerð á Srí Lanka á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC).



Frank Sands rekstrarfræskýrslugerð fyrir Alþjóðasambandsins og Rauða hálfmánans fellibylja og flóða sem ri



Þór Danielsson rekstrarfræðingur starfaði fyrri hluta árs fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) við fjármálaþróun og fjármálastjórn í Dar es Salaam í Tansaníu. Þór hóf störf á Landsskrifstofu Rauða kross Íslands á árinu og starfar nú sem verkefnisstjóri í fjáröflun.

Hjördís Guðbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði í Darfúr-héraði í Súdan að heilsugæslu á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).



Sólveig Ólafsdóttir fréttamaður starfaði við upplýsinga- og kynningarstörf á svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) fyrir sunnanverða Afríku í Harare, Simbabwe.



Reuters/Alertnet

Albanía

Deildirnar á Álftanesi, í Garðabæ og Kópavogi eru í vinadeildasamstarfi við þrjár deildir í Albaníu. Íslensku deildirnar styðja verkefni fyrir 8-13 ára börn sem hafa flosnað upp frá námi og fá þau ýmis konar stuðning til að hefja aftur skólanám. Kjósarsýsludeild lauk vinadeildasamstarfi sínu við deildina í Delvina á árinu.

Eistland

Reykjavíkureild Rauða kross Íslands á vinadeildasamstarf við deildina í Paldiskí í Eistlandi. Sjálfboðaliðar ungmennadeildar Reykjavíkureildar hafa haldið leiðtoganámskeið og staðið að fræðslu um fordóma fyrir ungt fólk í deildinni í Paldiskí og ungmenni þaðan tóku þátt í skyndihjálparkeppni í Reykjavík í ágúst. Reykjavíkureild styður jafnframt neyðarvarnir deildarinnar.

Gambía

Rauða kross deildir á Vesturlandi hafa verið í vinadeildasamstarfi við deildina í Western Division síðan 1993 og sent þangað notaðan fatnað nánast árlega. Reykjavíkureild er í vinadeildasamstarfi við tvær deildir, þ.e. í höfuðborginni Banjul og nálægri borg sem heitir Kanifing, og beinist samstarfið að fjáröflun deildanna, þjálfun deildafólks og ungmennaskiptum. Rauði kross Íslands styður einnig höfuðstöðvar gambíska Rauða krossins.

Lesótó

Rauði kross Íslands veitir höfuðstöðvum Rauða krossins í Lesótó stuðning til uppbyggingar landsfélagsins. Einnig eru sendir gámar með fötum sem ýmist eru gefin nauðstöddum eða seld til fjáröflunar fyrir landsfélagið.

Serbía og Svartfjallaland

Rauða kross deildir á Suðurlandi og á Vestfjörðum eru í vinadeildasamstarfi við tvær deildir í Serbíu. Deildirnar á Suðurlandi hafa stutt húsnæðis kaup deildarinnar í Sremski Karlovci og súpueldhús á hennar vegum auk ýmissa félagslegra verkefna. Deildir á Vestfjörðum hafa nýlega ákveðið að styðja uppbyggingu ungmennahúss á vegum deildarinnar í Uzice. Rauði kross Íslands styður einnig uppbyggingu heimsóknarþjónustu og félagslega aðstoð fyrir sígaunabörn, geðsjúka og flóttafólk á fjörum stöðum í landinu.

Rússland

Rauði kross Íslands styður heimahjúkrunarverkefni í Taimyr í Síberíu í samvinnu við Alþjóðasambandið. Verkefnið felst fyrst og fremst í stuðningi við berklaveika.

Pólland

Rauði kross Íslands styður endurskipulagningu á fjármálakerfi pólska Rauða krossins og er verkefnið unnið í samstarfi við Alþjóðasamband félaga Rauða krossins og Rauða hálfmáns.

Michael Schultz stjórnála- og sagnfræðingur var yfirmaður sendinefndar Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmáns (IFRC) í Palestínu, með aðsetur í Ramallah. Hlutverk Alþjóðasambandsins í Palestínu er meðal annars að styðja við palestínska Rauða hálfmánn.

Steina Ólafsdóttir sjúkráþjálfi starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í Kabúl í Afganistan þar sem hún hafði umsjón með aðstoð við börn með heilalömun.

Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur fór til Bam í Íran í kjölfar jarðskjálftanna sem þar riðu yfir 26. desember 2003 og til Aceh á Indónesíu í lok desember 2004 eftir flóðbylgjuna í Asíu. Guðbjörg undirbjó á báðum stöðum sálfélagslega aðstoð fyrir þá sem lifðu náttúruhamfarinnar af. Guðbjörg starfaði á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmáns (IFRC).

Pálína Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC). Hún stýrði þar starfi ICRC á sjúkrahúsum í Kabúl í Afganistan.

Jóhann Thoroddsen sálfræðingur starfaði í Íran með danska Rauða krossinum við að styrkja þekkingu íranska Rauða hálfmáns á áfallahjálp og við að byggja upp sálfélagslega aðstoð við 20.000 íbúa í Bam.

Marianna Csillag hjúkrunarfræðingur starfaði í sjúkrabúðum með sjúkrahússteymi frá norska, finnska og íslenska Rauða krossinum í Bam í Íran.

Elvar Örn Birgisson geislafræðingur starfaði í sjúkrabúðum með sjúkrahússteymi frá norska, finnska og íslenska Rauða krossinum í Bam í Íran.

Hólmfríður Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir starfaði í sjúkrabúðum með sjúkrahússteymi frá norska, finnska og íslenska Rauða krossinum í Bam í Íran.

Ómar Valdmarsson fréttamaður starfaði á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmáns (IFRC) að uppbyggingu innra starfs landsfélags Indónesíu. Hann tók virkan þátt í viðbrögðum hreyfingarinnar við flóðbylgjunum í Asíu í lok ársins.

María Skarphéðinsdóttir læknir, sérfræðingur í lýðheilsu þróunarlánda, hafði yfirumsjón með þróun verkefna Rauða krossins og Rauða hálfmáns í uppbyggingu í heilbrigðisgeiranum í löndum Suður-Asíu. Hún hafði aðsetur á svæðisskrifstofu Alþjóðasambandsins (IFRC) fyrir Suður-Asíu í Nýju Delí á Indlandi.

Hlín Baldvinsdóttir rekstrarfræðingur stjórnaði sendinefnd Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmáns (IFRC) í Aserbædjan, með aðsetur í Bakú.

Huld Ingimarsdóttir viðskiptafræðingur starfaði sem fjármálastjóri á svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmáns (IFRC) fyrir sunnanverða Afríku, í Harare í Simbabwe.

Rafn Jónsson flugstjóri stjórnaði hjálparflugi á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Súdan.

Robin Bovey líffræðingur stjórnaði dreifingu hjálpargagna fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í Darfúr í Súdan.

Kristján Þorkelsson pípuálagningameistari starfaði með Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) í Darfúr í Súdan við uppbyggingu vatnsveitu og vatnslagnakerfa í flóttamannabúðum.





14

Þátttakendur sumarbúðanna tóku þátt í námskeiðinu Viðhorf og virðing sem fjallar m.a. um umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum. Námskeiðið féll í góðan jarðveg meðal ungmennanna.



Mynd: Þórir Guðmundsson



Mynd: Jón Þorsteinn Sigmundsson

Hér eru þátttakendur í alþjóðlegum sumarbúðum sem Ungmennahreyfing Rauða krossins hélt á Snæfellsnesi haustið 2004. Frá vinstri: Ari Hjálmarsson, Frantz Adolph Pétursson og Karen Ósk Sigþórsdóttir.

Alþjóðlegar sumarbúðir

Rætt um börn í stríði í alþjóðlegum sumarbúðum:

Reynsla sem við munum aldrei gleyma

Ungmenni sem tóku þátt í alþjóðlegum sumarbúðum Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands voru harmi slegin þegar fréttir bárust af hörmulegri gíslatöku í Beslan í Rússlandi þar sem mörg hundruð grunnskólabörn létu lífið eða slösuðust. „Við vorum einmitt saman komin til að ræða um stríðshrjáð börn og höfðu þessar fréttir mikil áhrif á umræður okkar og sýndu hversu mikilvægt er að Rauði krossinn einbeiti sér að því að lina þjáningar þeirra milljóna barna sem þurfa að búa við styrjaldar-ástand,“ segir Frantz Adolph Pétursson sem var einn af þátttakendum í alþjóðlegum sumarbúðum Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands.

Sumarbúðirnar voru haldnar á Snorrastöðum á Snæfellsnesi dagana 2.–6. september og meginþema þeirra að þessu sinni var börn í stríði, og þær þjáningar sem styrjaldir valda börnum. Það var þó einnig markmið sumarbuðanna að gefa ungu fólki innan Rauða kross hreyfingarinnar tækifæri til að kynnst og læra um starf hreyfingarinnar í öðrum löndum.

„Það var mjög gaman í þessum sumarbúðum. Hópurinn var talsvert minni en oft áður en hins vegar var samheldnin og fjörið þeim mun meira,“ segir Frantz. „Þátttakendur voru samtals þrjátíu og komu frá Noregi, Þýskalandi og Sviss en líka frá fjarlægari stöðum eins og Bandaríkjunum, Serbíu, Slóveníu og Suður-Afríku. Fólkið hafði allt mjög ólíkan bakgrunn og skoðanir og það var gaman að sjá hvað umhverfi og menning einstaklinganna hafði mótað lífssýn þeirra á mismunandi hátt. Þetta sást ekki síst í umræðunum um flóttamenn, en fólkið hafði mjög mismunandi reynslu af þeim málaflökki. Íslendingar hafa til dæmis minna af flóttamönnum að segja heldur en krakkarnir frá serbneska og suður-afríska Rauða krossinum sem höfðu mjög mikla reynslu af þeim málaflökki, enda gifurlegur fjöldi flóttamanna í löndum þeirra,“ segir Frantz.

Dagskrá sumarbuðanna hófst með námskeiðinu **Viðhorf og virðing** sem fjallar m.a. um umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum. Námskeið þetta féll í mjög góðan jarðveg meðal ungmennanna.

„Ein af spurningunum sem lögð var fyrir okkur var það hvort stríð væri réttlæt看legt. Þessi spurning vakti gifurlega skemmtilega umræðu enda komu sumir þátttakenda frá stríðshrjáðum löndum,“ segir Frantz. „Ég var mjög hrifinn af þessu námskeiði og það var gott að sjá hvað það kom vel út með fólki frá öðrum löndum.“

Alþjóðasamstarf ungs fólks

Mirad, 24 ára og Vladimir sem er 18 ára starfa báðir sem sjálfbóðaliðar hjá Rauða krossi Serbíu og Svartfjallalands og komu í sumarbuðirnar á vegum deilda á Vestfjörðum. Þeir félagar gerðu stutt myndband um aðbúnað barna sem eru flóttamenn í Serbíu og komu með það á sumarbuðirnar. „Það eru mörg börn flóttamenn í okkar heimalandi og við ræddum við aðra þátttakendur um vandamál sem því tengjast. Við erum reynslunni ríkari og förum heim með margar hugmyndir sem við getum notað í starfi okkar. Þetta voru frábærar sumarbuðir og reynsla sem við munum aldrei gleyma,“ segir Vladimir.

Frantz segir að það hefði myndast mjög góð stemning í öllum umræðuhópunum. „Sjálfur var ég í hópi sem hafði börn í flóttamannabúðum að meginviðfangsefni. Þar sögðu serbnesku strákarnir Mirad og Vladimir til dæmis frá því að mörg börn sem lenda í átökum mynda eins konar múr í huga sér

og útiloka allar hugsanir um fortíð sína. Þau gleyma jafnvel af hverju þau eru í búðunum og vita ekki hver þau eru lengur.“

Suður-afrísku strákarnir Similo og Fernel komu til Íslands á vegum deilda á Austurlandi og að loknum sumarbuðunum fóru þeir í grunnskóla á Héraði og á Stöðvarfirði og ræddu við nemendur um heimaland sitt, áhugamál sín og þau vandamál sem Rauði krossinn glímir við í Suður-Afríku. Þeir fóru líka á Þjóðahátíð sem haldin var á Egilsstöðum sunnudaginn 12. september. Þar stýrðu þeir sýningarbás um Suður-Afríku og vöktu óskipta athygli gesta. Þeir félagar eru frá Höfðaborg (Cape Town) sem er á syðsta odda Suður-Afríku og eru báðir leiðtogar í starfi Rauða krossins í heimaborg sinni. Deildin í Höfðaborg er í vinnudeildasamstarfi við deildir á Austurlandi.

Deildirnar á Vestfjörðum og Austurlandi eru ekki einu deildirnar þar sem ungmenni taka þátt í vinnudeildasamstarfi og til dæmis hefur Kjöarsýsludeild Rauða krossins átt vinnudeild í Albaníu um árabil. Frantz hefur lengi verið mjög virkur í ungmennastarfi Kjöarsýsludeilda og sagði hann að mjög vaxandi áhugi væri á vinnudeildasamstarfi meðal ungs fólks. „Í Kjöarsýsludeild erum við um átta krakkar, 16 ára og eldri, sem ætlum að taka virkan þátt í vinnudeildasamstarfi deildarinnar og ég veit að við komum til með að verða mun virkari í því í framtíðinni.“

Sumarbúðirnar á Snorrastöðum heppnuðust mjög vel í alla staði þó að vissulega hefðu hin skelfilegu orlög barnanna í Beslan varpað skugga á gleðskapinn. Um leið undirstrikuðu atburðirnir hversu alvarlegar umræður ungmennanna voru og hversu brýnt er að taka málefni barna í stríði föstum tökum.



16





Sífelld fleiri útköll vegna neyðarvarna

Útköllum Rauða krossins vegna neyðarvarna hefur fjölgað á undanförunum árum. Á árinu tóku Rauða kross deildir meðal annars þátt í rýmíngaraðgerðum vegna snjóflóðahættu, aðstoðuðu vegna bílslysa og veittu flugfarþegum á Keflavíkflugvelli sálrænan stuðning þegar þess var þörf en gott samstarf er á milli Ícelandair og Suðurnesjædeilda vegna þessa.

Stærsta útkallið var vegna Hringrásarbrunans í Sundahöfn í nóvember þar sem rýma þurfti fjölmennt íbúðarhúsnæði í nágrenni brunans. Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöð í Langholtskóla þar sem fjöldi manns gisti og einnig var Hjálparsíminn 1717 virkjaður til upplýsingagjafar fyrir brottflutta, og eins til að taka niður staðsetningu fólks sem þurfti að yfirgefa heimili sitt. Rauði krossinn gaf út á árinu verklagsreglur um neyðaraðstoð sem fellur utan almannavarnaskipulags, að höfðu viðtæku samráði innan félagsins. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að deildir innleiði reglurnar og kynni fyrir bæði íbúum og samstarfsaðilum það hlutverk sem þær hafa í neyðaraðstoð utan almannavarnaskipulags. Tilgangurinn er að stuðla að skilvirkara og samfelldara kerfi fyrir þá sem nýta sér þjónustu Rauða kross Íslands í neyð.

Stundum líður manni illa...

Seint um kvöld hringir kona í mikilli sorg. Hún er á sextugsaldri og hefur verið ekkja í rúm tvö ár. Í einsemd sinni hefur hún leitað huggunar í áfengi og þegar hún loks hringir í 1717, Hjálparsíma Rauða krossins, er svo komið að hún getur ekki lengur stjórnað neyslu sinni. Hún blygðast sín fyrir drykkjuna og hefur einangrað sig frá börnum sínum og vinum til að leynd því hvernig fyrir henni er komið.

Hún endurtekur sögu sína aftur og aftur en sjálfbóðaliði Rauða krossins hlustar af athygli. Konan segir frá raunum sínum af fullri einlægni og sjálfbóðaliðinn hrósar henni fyrir að hafa áttað sig á að hún eigi við drykkjuvandamál að stríða og fyrir að hafa tekið þetta fyrsta skref til að leita sér hjálpar. Hún fær ítarlegar upplýsingar um það hvernig hún geti leitað sér aðstoðar og við hverja hún eigi að hafa samband. Henni er bent á að hafa samband við skrifstofu SÁÁ í Síðumúla og jafnframt er hún hvött til að leyfa börnum sínum að hjálpa, því að stuðningur ástvina getur oft skipt sköpum fyrir þá sem eru í nauðum staddir.

Þetta símtal var aðeins eitt af 12.824 símtölum í 1717 árið 2004. Símtölum fjölgaði um 311% á árinu, sem sýnir hve mikil þörf er á þjónustu af þessu tagi. Mikill kippur kom í hringingar eftir að Linda Pétursdóttir fegurðardrottning kom fram í sjónvarpsauglýsingu fyrir Hjálparsímamann. „Stundum líður manni illa, jafnvel mjög illa,“ sagði hún og benti á að þá væri gott að hafa einhvern til að tala við. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar búast við því að fjöldi símtala eigi enn eftir að aukast mikið.

Hlekkur í keðju

Hjálparferlinu lýkur ekki við að fólk í nauðum hringir í Hjálparsíma Rauða krossins. 1717 er aðeins einn hlekkur í keðju sem ætlað er að hjálpa fólki í vanda. Með því að hringja í þetta númer fær fólk tækifæri til að segja frá vandamálum sem það hefur aldrei áður nefnt við aðra. Ekki er ætlast til að þeir sem hringja segi hverjir þeir séu eða nokkuð annað sem þeir vilja ekki láta í ljós. Þessi persónuleynd gerir skjólstæðingum mun auðveldara að hafa samband og segja frá raunum sínum.

Hlutverksjálfbóðaliða og starfsmanna Hjálparsímans er að hlusta á frásagnir þeirra sem eiga við erfiðleika að stríða og benda þeim á úrræði og leiðir til að finna lausn á vanda sínum. Í kjölfar ráðgjafar frá Hjálparsímanum eiga skjólstæðingar oft auðveldara með að leita frekari hjálpar sérfræðinga og stofnana sem geta veitt þeim viðeigandi meðferð eða aðstoð.

Konan grét mikið meðan hún sagði sögu sína en henni leið miklu betur á eftir. Bæði hún og sjálfbóðaliðinn sem ræddi við hana vissu að hún hafði tekið stórt skref í átt að lausn vandans.



17

Alltaf opið

Hjálparsími Rauða krossins tók til starfa í nóvember 2002 og tók þá við af Trúnaðarsímanum, sem hafði verið starfræktur fyrir ungt fólk í vanda. Á árinu 2004 tók Reykjavíkurdæild við rekstri 1717 og í október rann Vinalínan saman við Hjálparsímamann þannig að nú rekur Rauði krossinn eina símsvörun. Samningur við Landlækniseimbættið, Landspítala háskólasjúkrahús og Neyðarlínuna tryggir að hægt sé að taka við erfiðum símtölum og bregðast fljótt við með aðstoð fagmanna.

Lögð er á það áhersla að hver sem er geti hringt í 1717 og leitað aðstoðar við hverjum þeim vanda sem hann á við að glíma, hvort sem það er einmanaleiki, vímuefnaneysla, þunglyndi, sjálfsvígshugsanir eða heimilisofbeldi. Hjálparsíminn gegnir einnig mikilvægu hlutverki sem upplýsinganúmer til almennings vegna hamfara eða neyðarástands innanlands. Flest þeirra símtala sem Hjálparsímanum bárust árið 2004 voru þó vegna sálrænna vandamála af ýmsu tagi, geðraskana, þunglyndis og kvíða.

Um hundrað sjálfbóðaliðar á vegum Reykjavíkurdeildar sjá um rekstur Hjálparsímans en hann er opin allan sólarhringinn, allt árið um kring. Um nætur og á daginn sjá starfsmenn um að svara símtölum. Allir geta hringt í 1717 og öllum símtölum er svarað sama hvenær hringt er og hvar á landinu sem menn búa.

Hjálpfús í leikskólanum

Leikskólaefnið „Hjálpfús heimsækir leikskólann“ leit dagsins ljós á árinu og var með því í fyrsta skipti boðið upp á skipulega fræðslu um mannúðarhugsjónina í leikskólum. Deildir Rauða krossins sáu um að heimsækja alla leikskóla á landinu, alls 261 talsins, og gefa þeim námsefnið. Markmið námsefnisins er að kenna ungum börnum hversu mikilvægt það er að rétta fólki hjálparhönd þegar eitthvað bjátar á. Efnið inniheldur sex sögur sem fingrabrúðan og Rauða kross-strákurinn Hjálpfús segir með aðstoð sögumanns (kennarans). Eftir hverja sögu er stungið upp á leik eða verkefni. Í bókinni eru kennsluleiðbeiningar en sérfræðiráðgjöf var fengin hjá Leikskólum Reykjavíkur. Rauða kross-strákurinn kemur einnig fyrir í margvíslegu efni sem Rauði krossinn hefur sent í grunnskólana, meðal annars í skyndihjálpar- og lífsleiknikennslu.



Mynd: Þórunn Guðmundsson

Börnin á leikskólanum Álfaheiði í Kópavogi virða Hjálpfús fyrir sér.



18





Mynd: Þórir Guðmússon

Frá vinstri: Anna Bakti-Bartus, sjálfboðaliði frá Ungverjalandi, Ranveig Tausen, starfsmaður frá Færeyjum, Jónína Hjaltadóttir, forstöðumaður Lautarinnar og Cedric Ákerberg, starfsmaður frá Svíþjóð. Þau sitja að spjalli í stofunni í húsnæði Lautarinnar, við Þingvallastræti 32 á Akureyri. Anna og Cedric komu hingað til lands í gegnum AUS – Alþjóðleg ungmenntaskipti.



Mynd: Margrét Þóra Þórsdóttir

Athvarf fyrir geðfatlaða



Mynd: Margrét Þóra Þórsdóttir

Hulda Magnúsdóttir framan við húsnæði Lautarinnar, hún er notandi þjónustunnar og líkar afar vel, þykir notalegt að koma þar við en í Lautinni segist hún fá þann stuðning sem henni sé nauðsynlegur.

Ef þessar konur fara ekki til himna...

Hulda Magnúsdóttir er ein þeirra sem reglulega koma í Laut og líkar vel. Hún greindist ung að aldri með geðklofa og hefur glímt við sjúkdóminn æ síðan, átt góða tíma og slæma á þessum rúmu tveimur áratugum. Hulda bjó lengi í Reykjavík, en flutti norður á Akureyri fyrir nokkrum árum. „Ég virka ekki í samfélaginu nema ég fái stuðning og hann fæ ég hér, það er mjög gott að koma hingað og fá alls kyns ráð og líka til að spjalla,“ segir hún.

Hulda býr í eigin íbúð við Hafnarstræti á Akureyri. Hún starfar tvo tíma á dag við uppvas, þrif og annað tilfallandi á Hæfingarstöðinni við Skógarlund. Þá fer hún í nudd, í sund, heimsækir vinkonu sína af og til auk þess að heimsækja Laut. „Ég hef nóg fyrir stafni virka daga, þá er nóg að gera hjá mér, en helgarnar eru oft hrein martröð, þær eru lengi að líða,“ segir Hulda. „Það er erfitt að vera ein, ég þarf mikinn stuðning til að hlutirnir gangi upp. Það er gott og gaman að koma í Lautina, þar hitti ég margar hressar konur, drekk kaffi og spjalla,“ segir hún. „Mér finnst notalegt að eiga stund hérna. Ef þessar konur sem vinna hérna fara ekki til himna, þá veit ég ekki hver gerir það, þær eru alveg hreint afbragð,“ segir Hulda og kveðst mjög trúuð. Laut segir hún skipta sig miklu máli, „ef ég fengi ekki stuðninginn hér, veit ég ekki hvað yrði um mig, ég verð bara dauf ef ég get ekki komið hingað, þær hressa mann svo mikið við og eru mér ómetanlegar, líka félagsskapurinn sem ég sæki hingað.“

Að meðaltali komu 11,7 gestir á dag á síðastliðnu ári í Laut, athvarf fyrir geðfatlaða sem Akureyrardeild Rauða krossins rekur, en það er við Þingvallastræti 32, um 100 fermetra einbýlishús. Athvarfið var formlega opnað í desember árið 2000 og þá sem þriggja ára tilraunaverkefni. Um skeið hafði verið rætt um nauðsyn slíks athvarfs innan Geðverndarfélags Akureyrar sem hafði svo frumkvæði að stofnun þess en Akureyrardeild Rauða krossins rekur það með dyggum stuðningi frá Akureyrarbæ. Á tilraunatímabilinu hafði athvarfið fengið nokkurt fé á fjárlögum.

Eigin fordómar verstir viðureignar

„Þörfin var mikil, við merktum það strax og opnað var að fólk tók þessu framtaki afar vel,“ segir Jónína Hjaltadóttir forstöðumaður Lautar, fletti upp í gestabók og taldi að 14 manns hefðu komið á óformlegum opunardeg. „Þetta spurðist fljótt út og fólk var áhugasamt, vildi kynna sér starfsemi strax,“ segir hún og bætir við að aðsóknin hafi farið vaxandi. Nú sé svo komið að húsnæðið er of lítið. „Við erum í húsnæðisleit en eins og gefur að skilja hentar ekki hvaða hús sem er undir þessa starfsemi. Við verðum að vera nokkurn veginn miðsvæðis í bænum, samgöngur að húsinu að vera góðar og rýmið nægt innan dyra og húsnæði sem uppfyllir þessar kröfur hefur ekki verið á lausu.“

Jónína segir að í þeim hópi sem kemur í athvarfið séu fastagestir sem sótt hafa þangað frá upphafi en eins hafi orðið endurnýjun, nýtt fólk sem heyrir hafi af starfsemi. „Margir þurfa að brjóta niður eigin fordóma, geðfatlaðir smitast auðveldlega af fordómum annarra, en segja jafnframt að eigin fordómar séu verstir viðureignar. Fólk með geðsjúkdóma upplifir gjarnan að það sé ekki gjaldgengt í samfélaginu og það er mörgum erfitt að brjótast út úr því mynstri. En framfarirnar eru örur þegar það tekst,“ segir Jónína.

Eins og ein stór fjölskylda

Laut er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16 og í hádeginu gefst kostur á að kaupa heita máltíð gegn vægu verði. Þá geta gestir fengið að þvo þvott þar, farið í bað, fengið ýmis konar ráðleggingar og

leiðbeiningar m.a. varðandi umhirðu og mataræði. Þrjár nettengdar tölvur eru til afnota fyrir gesti og njóta vinsælda, enda fæstir gestanna með slík tæki heima hjá sér. Þá er spilað og spjallað, leikið á hljóðfæri og sungið, en fæstir hafa mikinn áhuga fyrir að stunda handavinnu og föndur að sögn Jónínu, enda fólk haldið að verkefnum af því tagi þegar það hefur verið inni á sjúkrahúsum.

„Hér er unnið í þeim anda að fyllsta jafnréttis sé gætt og að fólk beri virðingu hvert fyrir öðru. Annars reynum við að hafa andrúmsloftið eins létt og hægt er, það eykur á vellíðan og gleði notendanna,“ segir Jónína. Flestir notenda búa einir og leita gjarnan til starfsfólks Lautar t.d. þegar kemur að afmælum eða öðru sem þeir þurfa aðstoðar með. „Það er alls konar stúss í gangi hjá okkur, það er verið að klippa og lita hár hér stundum, við erum eins og ein stór fjölskylda.“ Gestir koma og fara að vild og forðast er að „keyra fólk inn í einhverja dagskrá á meðan það er hjá okkur. Þetta er þeirra frítími og það ræður sjálft hvernig það ver honum. Hér má segja að maður sé manns gaman.“

Heimilisandinn svífur yfir vötnum og segir Jónína að margvíslegt samstarf sé í boði. Þannig sé slátur tekið á haustin, fólk geti komið með sitt slátur og unnið að gerð þess með öðrum. Þá taka menn sig líka til og baka saman fyrir jólin. Ferðafélagið Rjúkandi er öflugt, farið er í dagsferðir yfir sumarið, í sund, göngu- og sundferðir, stundum komið við á kaffihúsi eða litið inn á myndlistarsýningu.

Jónína segir Lautina hafa sannað gildi sitt, það sé mörgum ómetanlegt að geta komið þar við, bara til að fá sér molasopa og spjalla. „Þetta er komið til að vera, ég er sannfærð um það. Ég fullyrði að tilkoma þessa athvarfs fækki innlögnum á geðdeildir, hingað getur fólk sótt mikinn stuðning.“





Jóhann Thoroddsen
sálfræðingur og
verkefnisstjóri
Rauða kross Íslands á
jarðskjálftasvæðinu í Bam í
Íran. Hann var þar að vinna
að verkefni í sálrænum
stuðningi við fórnarlömb
jarðskjálftans.



Guðbjörg Sveinsdóttir
sendifulltrúi Rauða kross
Íslands í Bam í Íran.
Þar varð mikill jarðskjálfti
og fór Guðbjörg
sem sérfræðingur
í áfallahjálp.

Útlönd



Mynd: David Lynch

Dagurinn sem heimurinn hrundi

21

Íranir eru ekki óvanir manntjóni í náttúruhamförum en jarðskjálftinn í Bam 26. desember 2003 var óvenjumannskæður. Alls létu 26.000 manns lífið og 75.000 misstu heimili sín. Bam er miðaldaborg í austanverðu landinu, umkringd eyðimörk. Það var eins og borgin yrði fyrir hárnákvæmri og öflugri stýriflaug, nema hvað eyðileggingin kom ekki að ofan heldur úr iðrum jarðar.

Jarðskjálftinn varði ekki nema tólf sekúndur en hann gjöreyðilagði Bam, þar á meðal heimili velflestra íbúa, alla skóla, öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og Arg e Bam – gamla borgarvirkið sem er líklega 2000 ára gamalt og á heimsminjalista Sameinuðu þjóðanna – varð að leirsteinahrúgu.

Rauði kross Íslands lagði í upphafi fram tvo hjúkrunarfræðinga og einn geislafræðing til starfa við tjaldsjúkrahús norska Rauða krossins í Bam. En eyðileggingin í borginni náði ekki bara til bygginga. Íbúar Bam voru svo andlega lemstraðir að það hafði veruleg áhrif á bæjarlífið mörgum mánuðum eftir jarðskjálftann.

Hjálparstarfið beindist því ekki síst að mannlegum stuðningi og sálrænni aðstoð við eftirlifendur, fólk sem getur ekki gleymt hinum hræðilega degi, 26. desember 2003, þegar jörðin skalf og húsin hrundu.

Rauði kross Íslands einbeitti sér að verkefni sem hefur það markmið að hjálpa þeim sem lifðu af að ná sér andlega eftir hið mikla áfall sem þeir urðu fyrir. Guðbjörg Sveinsdóttir forstöðumaður Vinjar, athvarfs Rauða kross Íslands fyrir geðfatlaða, var meðal fyrstu hjálparstarfsmanna sem komu til Bam eftir skjálftann. Jóhann Thoroddsen sálfræðingur og verkefnastjóri hjá Rauða krossinum var síðan í Íran við skipulagningu á sálrænum stuðningi í samvinnu við danska Rauða krossinn og íranska Rauða hálfmánann, sem sá um framkvæmdina.

Verkefnið fólst bæði í að vinna með fólk í hópum og eins í einstaklingsráðgjöf. Á fyrstu vikum eftir skálftann gengu sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða hálfmánans á milli tjalda og ræddu við samtals um 20 þúsund manns sem höfðu lifað skjálftann af. Þannig fundu þeir rúmlega níu þúsund manns sem

þeir töldu að þyrftu á einhvers konar stuðningi að halda. Stór hluti þeirra tók þátt í skipulögðu hópstarfi sem hafði tvenns konar markmið. Annars vegar að hafa eitthvað fyrir stafni og jafnvel læra eitthvað nýtt og hins vegar að fá tækifæri til að tjá sig um upplifanir sínar í kjölfar skjálftans og líðan sína. Sérþjálfaðir stjórnendur þessara hópa gátu svo vísað þeim þátttakendum sem þeir töldu þurfa sérstaka meðferð til viðeigandi fagfólks og þáðu alls um 5.600 manns slíka meðferð.

„Þessir verkefnahópar eru til þess að fá fólk til að tjá sig um það sem það hefur upplifað en loka það ekki af í einhverjum afkima sálarinnar,“ sagði Algirdas Coffee, konan sem hafði umsjón með verkefninu í Bam fyrir hönd íranska Rauða hálfmánans og Rauða kross Íslands og Danmerkur.

Reynslan af verkefninu í Íran var svo jákvæð að líklegt er að hún verði nýtt annars staðar í heiminum í kjölfar náttúruhamfara. Þannig var sálrænn stuðningur mikilvægur liður í hjálparstarfinu eftir flóðin miklu í Asíu, sem urðu réttu ári eftir jarðskjálftann í Bam. Náttúruhamfarir verða vart umflúnar en það er hægt að læra af reynslunni og bæta stöðugt viðbrögðin og draga þannig úr þjáningum eftirlifenda.



Mynd: Steina Ólafsdóttir

Hér eru afgönsk börn í fötum sem almenningur á Íslandi safnaði og gaf.

Börnin í Afganistan fá föt frá Íslandi

Fátækar fjölskyldur, þá sérstaklega þar sem eiginmaðurinn hefur fallið frá, nutu hlýs fatnaðar frá Íslandi sem dreift var í heilsugæslustöðvum í Afganistan haustið 2004. Rauði kross Íslands stóð að fatasöfnun eina helgi um miðjan maí og tók við barnafötum og hlýjum yfirhöfnum fyrir börn og fullorðna frá almenningi á Íslandi. Viðbrögð voru mjög góð og söfnuðust um 10 tonn sem fóru með flugvél í júní á vegum utanríkisráðuneytisins en Samskip lánaði gám til söfnunarinnar. Örn Ragnarsson sjálfbóðaliði var fulltrúi Rauða krossins um borð og afhenti fulltrúum Alþjóðasambands Rauða kross félaga og afganska Rauða hálfmánans gjöfina. Einnig gerðu sjálfbóðaliðar deilda Rauða kross Íslands sérhannaða barnafatapakka sem voru sendir á barnaspítala í Kabúl og sá Steina Ólafsdóttir sendifulltrúi um að dreifa þeim. Í tengslum við fatasendinguna styrkti Rauði kross Íslands árlega beiðni Alþjóðasambandsins fyrir Afganistan að upphæð 600 þúsund krónur.





Ársskýrslan á Netinu

Tilgangurinn með útgáfu þessarar ársskýrslu er að gefa innsýn í starf Rauða kross Íslands á árinu 2004. Ekki er reynt að tiltaka alla þætti þess víðfeðma mannúðarstarfs sem fer fram í nafni félagsins á alþjóðavettvangi, í almennu innanlandsstarfi, á svæðisvísu eða í deildum félagsins sem eru 51 um allt land. Á vef félagsins, www.redcross.is/2004 eru hins vegar mun ítarlegri upplýsingar um verkefni félagsins innanlands og utan.

Nánar á Netinu, í eftirfarandi flokkum:

- Inngangur
- Stjórn og nefndir
- Formenn
- Fjármál
- Útbreiðslustarf
- Alþjóðastarf
- Innanlandsstarf

Okkur er mikið metnaðarmál að Rauði kross Íslands sé opið félag og aðgengilegt. Ef þú, lesandi góður, vilt ganga til liðs við Rauða krossinn þá er auðveldast að byrja á Netinu. Þar eru birtar fréttir úr starfinu, upplýsingar um öll starfssvið félagsins og þar er hægt að skrá sig sem féлага, styrktarmann og sjálfbóðaliða.

Fylgstu með starfi alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans á www.icrc.org og www.ifrc.org.

Rauði kross Íslands er sjálfbóðahreyfing 19.000 félagsmanna og um 1.300 virkra sjálfbóðaliða sem starfa í 51 deild um allt land. Sjálfbóðaliðar og starfsmenn aðstoða flóttamenn, kenna skyndihjálpar, hjálpa einstaklingum í þrengingum, safna fötum til neyðarhjálpar, starfa með börnum og ungmennum, gegna lykilhlutverki í neyðarvörnum og inna af hendi óteljandi önnur störf til þess að létta og koma í veg fyrir þjáningar. Alþjóðlegt hjálparstarf Rauða kross Íslands nær á hverju ári til þúsunda fórnarlamba hamfara, ófriðar og örbirgðar um allan heim.

Lena Dís, Aníta Sóley, Ólöf Birna og Bryndís Sunna héldu tómbólu og söfnuðu 5.507 krónum til styrktar Rauða krossinum.



Mynd: Þorkell Þorkelsson

Sigrún Birta og Thelma Lind héldu tómbólu til styrktar Rauða krossinum og söfnuðu 3.062 krónum.



Mynd: Ómar Óskarsson

Halla, Gabriela og Sóley Anna héldu tómbólu til styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðu 8.014 krónum.



Mynd: Þorkell Þorkelsson

Tombólukrakkar hjálpa börnum í útlöndum

Tombólubörn Rauða krossins leggja metnað sinn í að safna fé til að „hjálpa börnum í útlöndum,” eins og þau segja svo gjarna þegar þau heimsækja Rauða krossinn til að afhenda féð. Um 400 tombólukrakkar Rauða krossins söfnuðu á árinu um 420.000 krónum til að aðstoða heyrnardauf börn í Palestínu. Börnin á leikskólanum Norðurbergi söfnuðu rúmlega 15.000 krónum og nú, fjórða árið í röð, létu Leikskólar Reykjavíkur 300.000 krónur, sem annars hefðu farið í jólakort, renna til sama málefnis.

Á sjöunda hundrað þúsund króna er því verið að nota til að aðstoða heyrnardauf börn í Palestínu og hefur Michael Schulz, sendifulltrúi Rauða kross Íslands á svæðum Palestínumanna, umsjón með aðstoðinni. „Í skóla palestínska Rauða hálfmánans fyrir heyrnardauf börn eru 85 nemendur á fimm til sextán ára aldri,” segir Michael. „Þörf er á að bæta aðstöðu og tækjabúnað til að gefa börnunum sem mesta möguleika.”

Börn á hernumdu svæðunum búa við viðvarandi óvissuástand og ofbeldi sem tengist bæði hryðjuverkaárásum á Ísrael og gagnárásum Ísraelskers á svæði Palestínumanna. Fátækt hefur aukist verulega á undanförunum árum og víða er miklum erfiðleikum bundið að komast á milli staða vegna vegatálma.

Rauði krossinn sendi tombólubörnunum viðurkenningarskjal sem þakklætisvott fyrir aðstoðina. Jafnframt bauð Laugarásbíó tombólubörnunum á höfuðborgarsvæðinu í bíó eins og síðastliðin ár og að þessu sinni fengu þau að sjá myndina Kafteinn Skögultönn.



Mynd: Jim Smarr

Helga, Kristín, Arnór og Thelma héldu tómbólu til styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðu 2.516 krónum.



Mynd: Gertli

Axel Óskar og Helgi héldu tómbólu til styrktar Rauða krossinum og söfnuðu 1.334 krónum.

Þessi duglega stúlka, Sigurborg Hanna, hélt tómbólu til styrktar Rauða krossi Íslands og safnaði 1.070 krónum.



Mynd: Ingibjörg Ólafsdóttir



Mynd: Skapti Hallgrímsson

Gunnar Hafsteinn og Andri Már söfnuðu 600 krónum til styrktar Rauða krossinum með því að selja fótboltaþlöö.



Mynd: Kristján Kristjánsson

Sylvía Björk, Guðrún Vaka, Skarphéðinn Freyr, Silja Dögg, Hafsteinn Gauti og Harpa Lisa héldu tómbólu til styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðust 4.155 krónur.

Þorri safnaði flöskum að andvirði 1.850 krónum til styrktar Rauða krossi Íslands.



Mynd: Egger Johannsson



Mynd: Kristján Kristjánsson

Eva Margrét og systurnar Bergþóra og Guðrún héldu hlutaveltu á Svalbarðseyri til styrktar Rauða krossi Íslands og söfnuðu 1.011 krónum.

23

